

73

1. apríl

Verði ágreiningur milli endurskoðenda um einhver þau atriði, er tilhögun á reikningsfærslu sparisjóðsins eða bókfærslu snertir, og þeir koma sér eigi saman, skulu endurskoðendur leggja málið fyrir sparisjóðseftirlitið til úrskurðar.

Eins skal farið að ef endurskoðendur komast að raun um, að rekstur sjóðsins sé ekki að öllu leyti lögmætur og í fullu samræmi við lög nr. 69 27. júní 1941, um sparisjóði, svo og reglugerð Sparisjóðs Svalbarðsstrandar og önnur gildandi fyrirmæli, og stjórn sjóðsins bætir eigi tafarlaust úr því, sem ábótavant er.

37. gr.

Aðalfundur ákveður þóknun handa endurskoðendum fyrir starfa þeirra.

38. gr.

Leggist sparisjóðurinn niður, skal varasjóður hans og aðrar skuldlausar eignir verða eign Svalbarðsstrandarhrepps. En ábyrgðarmenn þeir, sem þá verða við sparisjóðinn, skulu hafa rétt til að ráðstafa því fé nánar með samþykki stjórnarráðsins

39. gr.

Með samþykktum þessum eru úr gildi numin lög og reglugerðir, sem áður hafa gilt um Sparisjóð Svalbarðsstrandar.

Samþykktir þessar staðfestast hér með.

Viðskiptamálaráðuneytið, 1. apríl 1943.

Björn Ólafsson.

Torfi Jóhannsson.

74

1. apríl

SAMÞYKKTIR

fyrir Sparisjóð Rauðasandshrepps.

A. Stofnun, nafn og ábyrgðir sjóðsins.

1. gr.

Sjóðurinn, sem er stofnaður 16. desember 1910, heitir Sparisjóður Rauðasandshrepps og skal heimili hans og varnarþing vera í Rauðasandshreppi.

2. gr.

Samkvæmt gildandi lögum um sparisjóði mega ábyrgðarmenn sparisjóðsins ekki vera færri en 12, allir búsettir í Rauðasandshreppi og er lágmark sameiginlegs ábyrgðarfjár þeirra kr. 3000.00. Með ábyrgðarfé þessu skal aðeins greiða halla eða tjón, er sjóðurinn kann að verða fyrir og getur ekki sjálfur staðið straum af.

3. gr.

Ef ábyrgðarmönnum fækkar svo við andlát, burtflutning úr hreppnum eða af öðrum ástæðum, svo sem gjaldþrotaskiptameðferð, missi fjárforræðis, nauðasamninga, eða ef maður verður öreigi á annan hátt, svo að þeir verða færri en 12, skulu þeir ábyrgðarmenn er eftir eru útvega menn í stað hinna fráförnu.

B. Stjórn sjóðsins og starfræksla.

74

1. apríl

4. gr.

Í stjórn sjóðsins skulu vera þrír menn, sem kosnir eru til eins árs í senn. Heimilt er að endurkjósa menn í stjórn. Samkvæmt gildandi lögum um sparisjóði skulu tveir stjórnenda og einn til vara kosnir úr flokki ábyrgðarmanna á aðalfundi. Þriðji stjórnarnefndarmaðurinn, sem og tveir endurskoðendur, eru kjörnir af sýslunefnd V.-Barðastrandarsýslu. Hlutfallskosning skal viðhöfð á aðalfundi ef óskað er. Stjórn sjóðsins kys sér formann. Stjórn sjóðsins ræður starfsmenn og hefur umsjón með öllum framkvæmdum sjóðsins. Tilkynna skal sparisjóðseftirlitinu tafarlaust hverjir séu stjórnendur sparisjóðsins og starfsmenn. Birta skal í lögbirtinga- blaði hverjir séu stjórnendur sparisjóðsins og starfsmenn, og hverjir þeirra hafi umboð til að undirrita skuldbindingar og kvittanir fyrir sjóðinn. Stjórnendur bera ábyrgð einn fyrir alla og allir fyrir einn á því, að ekkert af fé sjóðsins fari forgörð- um fyrir hirðuleysi. Tapist eitthvað af fé sjóðsins fyrir handvömm eða óráðvendni sparisjóðsstjórnar eða starfsmanna eða annarra, sem við hann eru riðnir, skal hlutaðeigendum skyllt að bæta skaðann að fullu, ef krafizt er, og sæti þeir auk þess hegningu eins og lög standa til um sýslunarmenn hins opinbera. Deyi stjórnar- nefndarmaður, kjörinn af ábyrgðarmönnum, flytji burt úr héraðinu, eða falli ábyrgð hans niður á annan lögmaetan hátt, skal þegar í stað kalla saman fund ábyrgðar- manna og kjósa annan í stað hans fyrir það, sem eftir er af kjörtímabilinu. Deyi stjórnarnefndarmaður, kjörinn af sýslunefnd, eða verði á lögmaetan hátt óhæfur til að gegna stjórnarstörfum, skal tafarlaust beiðast þess að sýslunefnd kjósi annan í hans stað.

Stjórnendur sparisjóðsins og starfsmenn mega ekki sjálfir taka lán úr sjóð- um, ekki mega þeir heldur ábyrgjast lán úr sjóðnum fyrir aðra, né reka eigin lána- starfsemi eða aðra atvinnu, er komið geti í hága við hagsmuni sjóðsins. Sé stjórn- andi eða starfsmaður sparisjóðs í stjórn annars fyrirtækis eða framkvæmdarstjóri þess, má ekki veita því fyrirtæki lán úr sjóðnum, nema sparisjóðsstjórn samþykki það einróma og sparisjóðseftirlitið leyfi það. Þó þarf ekki slíkt leyfi til að veita lán gegn veði í fasteign, enda fari lánið, ásamt því er áður kann að hvíla á eign- inni, ekki fram úr $\frac{2}{3}$ matsverðs fasteignarinnar.

5. gr.

Við sparisjóðinn skulu vera að minnsta kosti tveir starfsmenn, féhirðir og bók- ari. Stjórn sparisjóðsins ræður þessa starfsmenn og semur um laun þeirra. Það skal vera aðalreglan, eftir því sem við verður komið, að eigi má greiða nokkra upphæð í sparisjóðinn eða úr honum nema tveir af starfsmönnum hans eða stjórnendum séu viðstaddir og riti þeir upphæðina tafarlaust í bækur sparisjóðsins, hvor um sig. Þó má féhirðir veita móttöku greiðslum í sjóðinn, án þess að annar starfsmaður sé viðstaddur, en þá skal hann sömuleiðis tafarlaust rita greiðsluna inn í bækur sjóðs- ins. Einnig getur féhirðir greitt fé úr sjóðnum gegn ávísun formanns, eða eftir bók- uðum samþykktum stjórnarnefndar þó aðrir starfsmenn séu ekki viðstaddir, enn fremur er féhirði jafnan heimilt að greiða nauðsynlegan kostnað vegna starfrækslu sparisjóðsins svo og innstæðufé samlagsmanna, samkvæmt nánari ákvæðum um út- borgun innstæðufjár. Heimilt er að stjórnendur hafi þessi störf með höndum, en rétt er þá að semja við þá um þóknun fyrir starfið um leið og þeir eru kosnir.

6. gr.

Hafi féhirðir sparisjóðsins þóknun úr sjóðnum fyrir starf sitt, er nemi kr. 600.00 eða meir, skal hann setja tryggingu fyrir því fé, sem honum er trúað fyrir. Spari- sjóðseftirlitið ákveður fjárhæð tryggingar, að fengnum tillögum sparisjóðsstjórnar.

Stjórnarstörfum verður fyrst um sinn gegnt tvisvar í mánuði, að minnsta kosti, á heimili sjóðsins. Féhirðir sinnir inn- og útborgunum daglega ef ástæður hans leyfa.

8. gr.

Aðalfundur skal haldinn með ábyrgðarmönnum ekki síðar en í aprilmánuði ár hvert. Á þeim fundi skal fram leggja reikninga sjóðsins fyrir næstliðið almanaksár með athugasemdum endurskoðenda og svörum féhirðis og leggur fundurinn úrskurð á þá. Aukafundi skal halda með ábyrgðarmönnum ef meiri hluti sparisjóðsstjórnar ákveður eða minnst 7 ábyrgðarmanna óska þess bréflega til sparisjóðsstjórnar. Enn fremur geta endurskoðunarmenn látið kalla saman aukafund hvenær sem þeir telja þess þörf. Til allra funda með ábyrgðarmönnum boðar formaður sparisjóðsins bréflega, eða á annan sannanlegan hátt. Á fundum ræður meiri hluti greiddra atkvæða. Fundur er lögmaður þegar helmingur ábyrgðarmanna mætir. Mæti eigi helmingur ábyrgðarmanna skal boða fund að nýju á sama hátt, sem ávallt skal haldinn í skrifstofu sparisjóðsins, og er hann þá lögmaður hversu fáir sem mæta. Fundarboðun þessa má tilkynna í frumfundarboðinu.

9. gr.

Við sparisjóðinn verða færðar þær bækur sem sparisjóðseftirlitið mælir fyrir á hverjum tíma að færðar séu, eftir því sem við á og við verður komið og skulu þær allar skýrt og greinilega skráðar og allar fjárhæðir þannig ritaðar, að enginn vafi geti á því leikið hver upphæðin sé. Sé einhverri tölu breytt sakir skakkrar innfærslu, skal breytingin þannig gerð, að sjá megi hverju breytt hafi verið. Dagsetningar sé getið við hverja einstaka greiðslu. Sérhverja greiðslu í sparisjóðinn og úr honum skal tafarlaust skrá í dagsjóðbók sjóðsins og svo jafnframt við fyrstu hentugleika í aðrar þær bækur, sem greiðslan á heima í. Greiðslu afborgana og vaxta af lánnum skal jafnframt rita á hlutaðeigandi skuldabréf. Afborgun af vixli skal einnig tafarlaust skráð á vixilinn.

10. gr.

Reikningsár sparisjóðsins er almanaksárið og skulu reikningar jafnan fullsmdir í lok janúarmánaðar, á fyrirmyndum, er sparisjóðseftirlitið semur.

C. Um móttöku sparifjár, hámark innstæðu einstakra viðskiptamanna, hámark útborgana á sparifé og hvaða fresti sjóðurinn áskilur sér um uppsögn og greiðslu á því.

11. gr.

Sparisjóðurinn tekur fé til ávöxtunar með sparisjóðskjörum, minnst eina krónu í senn og skal innstæðufé jafnan vera í gjaldgengum peningum. Heimilt er þó sparisjóðnum að neita að taka við innlögum er stjórn hans álitur það sjóðnum óhentugt. Berist sjóðnum óþægilega mikið af fé til ávöxtunar, getur stjórn hans sett ákvæði um hámark innstæðu og jafnframt krafizt þess að féð standi vaxtalaust óákvæðinn tíma og mun auglýsing um þá ákvörðun verða birt innan starfssvæðis sparisjóðsins.

12. gr.

Þegar innstæða nemur minnst einni krónu reiknast vextir af heilum krónum frá og með næsta degi eftir að féð er lagt inn, þó ekki í minni hlutum en heilum aukum. Vextir reiknast til 31. desember ár hvert og leggjast þá þegar við höfuðstólinn. Vextir skulu tilfærðir í viðskiptabækur fyrst þegar þær eru sýndar í spari-

sjóðnum eftir áramót. Óheimilt er sparissjóðnum að greiða hærri vexti af fé því, er hann tekur til ávöxtunar, en greiddir eru við sparissjóðsdeild Landsbanka Íslands á sama tíma. 74 1. apríl

Af innstæðufé, sem stendur skemur en sex mánuði áður en því er sagt upp til útborgunar, verða engir vextir greiddir. Engri upphæð má segja upp nema hún hafi staðið sex mánuði þritugnætta. Af fé, sem ávaxtað er með sparissjóðskjörum, verður greitt það er menn óska án uppsagnarfrests þegar stjórn sparissjóðsins sér það fært, en krafizt getur hún mánaðar fyrirvara til greiðslu á allt að 100 krónum. Fjögra mánaða fyrirvara ef upphæðin er 100 til 500 krónur og stærri upphæðir með sex mánaða fyrirvara. Sparissjóðnum er þó aldrei skylt að greiða meir en kr. 1000.00 — eitt þúsund — af hverjum innstæðureikning á hverjum sex mánuðum.

Sé innstæðufé ekki veitt móttaka af innstæðueiganda eða umboðsmanni hans þegar uppsagnarfresturinn er útrunninn, greiðir sjóðurinn enga vexti af því fé unz það er hafið.

Heimilt er stjórn sparissjóðsins að segja lausu fé sem er á vöxtum með sparissjóðskjörum, með þriggja mánaða fyrirvara. Skal uppsögnin annaðhvort færð inn í viðskiptabókina, eða birt í því blaði er flytur auglýsingar stjórnarvalda. Eftir gjalddaga eru ekki greiddir vextir af því sparifé, sem upp er sagt. Innstæður skulu jafnan skráðar í innstæðubók á fullu nafni innstæðueiganda.

13. gr.

Sá, sem í fyrsta skipti leggur inn fé með sparissjóðskjörum, fær viðskiptabók með sömu einkennistölu og í innstæðubók stendur. Fyrir bók þessa greiðir hann eina krónu. Sé bók útskrifuð fær hann aðra bók ókeypis, ef hann vill halda viðskiptum áfram. Sá, er tekið hefur allt út úr viðskiptabók sinni, skal skila henni í sjóðinn.

Glatist viðskiptabók, ber eiganda að snúa sér til sparissjóðsstjórnarinnar og annast hún þá um að handhafa sé stefnt á þann hátt, sem fyrir er mælt í gildandi lögum á hverjum tíma. Stjórn sparissjóðsins löggildir viðskiptabækur sparissjóðsins.

14. gr.

Ef eigandi að viðskiptabók hreyfir ekki innstæðu sína í 15 ár samfleytt, verða ekki reiknaðir vextir af innstæðunni framar. Verður þá skorað á eiganda að segja til sín og skal það gert á sama hátt og ef bók glatast. Ef hann gefur sig ekki fram, áður en tiltekinn frestur er liðinn, er viðskiptabók hans ógild og féð, ásamt vöxtum, eign sparissjóðsins. Þó er stjórn sjóðsins heimilt að greiða féð, að meira eða minna leyli, ef réttur eigandi gefur sig fram innan fimm ára.

15. gr.

Hvenær sem innstæðufé er lagt inn eða tekið út úr sparissjóðnum, skal það jafnframt ritað í viðskiptabókina. Fyrir innlögum og útgreiðslum kvittar féhirðir og bókarar í viðskiptabókina, annar hvor eða báðir, og er það næg sönnun. Það er eigi á ábyrgð sparissjóðsins þó handhafi viðskiptabókar hafi ekki haft löglega heimild frá eiganda hennar til þess að fá greitt fé það, er viðskiptabókin hljóðar um, eða eitthvað af því, nema augljósu gáleysi sparissjóðsins sé um að kenna.

16. gr.

Af sparissjóðsinnstæðufé má ekki greiða, nema því aðeins, að viðskiptabók sé sýnd, og skal upphæðin þá jafnframt skráð í hana. Verði ávísanadeild komið upp við sparissjóðinn má þó greiða innstæðufé gegn ávísun, eftir þeim reglum, er þar um kunna að verða settar. Innlögum má veita móttöku þó viðskiptabók sé eigi

74 sýnd. Skal þá gefin út sérstök kvittun og þess getið í kvittuninni, að hún sé ekki gild lengur en þangað til upphæðin sé færð í viðskiptabók innstæðueiganda, en það skal gert næst þegar viðskiptabókin er sýnd í sparisjóðnum.

Á áberandi stað í viðskiptabók má lettra, að innstæðueigandi einn eða sá, er hann gefur skriflegt umboð til þess, geti hafið peninga úr henni.

17. gr.

Mönnum verður ekki veitt vitneskja um eignir annarra í sparisjóðnum, nema skylt sé að lögum.

18. gr.

Heimilt er að setja upp sérstaka deild í sparisjóðnum þar sem taka megi við innlögum og ávísu á innstæðu. án þess að viðskiptabókin sé sýnd. Einnig er heimilt að gera eldri innstæður að slíkum ávisanainnstæðum með yfirstimplun á viðkomandi viðskiptabók og innstæðureikning um að ávísu megi á innstæðuna og bókin sýni ekki ávallt hina réttu innstæðu og sé því ekki veðhaf. Þetta skal þó því aðeins gert, að meiri hluti sparisjóðsstjórnar sé því fylgjandi og sparisjóðseftirlitið leyfi það. Öll slík innlög og útgreiðslur skulu færðar inn í viðskiptabókina, þegar hún er næst sýnd í sparisjóðnum.

Tékkávisanir skulu jafnan gefnar út á eyðublöð, er sparisjóðurinn hefur sjálfur til sölu. Ávisanir skulu undirritaðar af eiganda sjálfum, prókúrista hans eða öðrum, er hann hefur gefið lögfullt umboð til þess að ávísu á bókina, enda skal þá umboðið afhent sparisjóðnum, ef það er ekki opinberlega tilkynnt. Sá maður, sem samkvæmt þessu hefur heimild til að gefa út ávisanir, skal áður afhenda sparisjóðnum sýnishorn af undirskrift sinni. Verði fölsk ávísun greidd af sparisjóðnum, og sé ávisunin gefin út á eyðublað úr tékkhefti sem innstæðueigandi hefur fengið, ber innstæðueigandi skaðann, nema augljósu gáleysi sparisjóðsins sé um að kenna.

Í tékkávisunum skal upphæðin vera tilgreind með tölustöfum og bókstöfum, ella er sparisjóðnum ekki skylt að greiða ávisunina. Sé upphæðin tilgreind öðruvísi með tölustöfum en bókstöfum, þá gildir minni upphæðin. Enginn má gefa út ávísun á meira fé en hann á inni. Af fé því, sem tekið er til ávöxtunar með ávisanabókum, má sparisjóðurinn greiða allt að $\frac{1}{2}$ — hálfan — af hundraði lægri vexti, en af fé því, sem ávaxtað er með venjulegum sparisjóðskjörum. Heimilt er eiganda ávisunarbókar að ávísu á hverju uppsagnartímabili allt að tvöföldu því fjármagni, sem fram er tekið í 12. gr. hér að framan.

19. gr.

Aldrei má sparisjóðurinn taka á móti meiru innlánsfé en svo, að það, að frá-dregnu því, er hann á í sjóði, innistandandi í innlendum bönkum, í tryggum verðbréfum eða lánnum gegn veði í fasteign, nemi 25 sinnum eigin fé sjóðsins, þar með talið stofnfé og innborgað ábyrgðarfé. Eigi má draga frá samkvæmt þessari málsgrein önnur fasteignarveðslán en þau, þar sem lánið, ásamt því, er áður kann að hvíla á eigninni, nemur ekki meiru en $\frac{3}{4}$ fasteignarmatsverðs hennar.

D. Um vaxtagreiðslu af sparifé.

20. gr.

Sparisjóðurinn má aldrei greiða hærri vexti af innstæðufé en Landsbanki Íslands greiðir á sama tíma af fé því, er hann ávaxtar með sparisjóðskjörum.

E: Um lán úr sjóðnum.

74

1. apríl

21. gr.

Eignir sjóðsins skal ávaxta á eftirgreindan hátt:

- a. með því að kaupa ríkisskuldabréf eða önnur verðbréf jafntrygg og leggja fé á banka með ríkisábyrgð;
- b. með því að lána fé til einstakra manna eða félaga:
 1. tryggð með inneign í sparisjóðnum sjálfum, tryggum verðbréfum eða öðru góðu handveði;
 2. gegn veði í fasteign, þó aldrei meiru en $\frac{3}{5}$ af fasteignamatsverði hennar;
 3. gegn ábyrgð sýslu-, sveitar- eða bæjarfélaga;
 4. gegn ábyrgð einstakra manna eða félaga, þó því aðeins til lengri tíma en eins árs, að borgað sé af þeim árlega og aldrei til lengri tíma en 10 ára;
 5. gegn veði í skipum, þó ekki yfir 50% af matsverði þeirra, ef þau eru eins árs gömul eða yngri;
 6. á hvern annan hátt, er stjórn sjóðsins telur tryggilegt og er í samræmi við gildandi lög um sparisjóði.

22. gr.

Eigi má veita lán úr sparisjóðnum nema meiri hluti sparisjóðsstjórnar sé því samþykkur og ákveði hámark lánsupphæðar. Til útlána gegn sjálfskuldarábyrgð, héraðs eða sveitar og til fasteignaveðslána um fram 60% matsverðs, má sparisjóðurinn aldrei verja meiru en $12\frac{1}{2}$ sinnum eigin fé sínu. Þar af mega sjálfskuldarábyrgðarlán aldrei nema meiru en tvisvar sinnum eigin fé sjóðsins.

23. gr.

Aldrei má sparisjóðurinn lána einum viðskiptamanni eða fleiri viðskiptamönnum, sem eru fjárhagslega tengdir, meira en sem svarar 25% af eigin fé og ábyrgðarfé sínu. Í ofangreindri lánsupphæð skal þó ekki telja:

1. lán veitt gegn veði í fasteign, ef það er ekki hærra en $\frac{3}{5}$ fasteignamatsverðs;
2. lán veitt gegn veði í skipum, eins árs eða yngri, allt að 50% af matsverði;
3. lán, sem eru tryggð með inneign í sparisjóðnum sjálfum, tryggum verðbréfum eða öðru handveði.

24. gr.

Sparisjóðurinn áskilur sér forvexti af öllum útlánunum og dráttarvexti fyrir þann tíma, er greiðsla dregst, fram yfir það, sem um er samið.

25. gr.

Án samþykkis allrar sparisjóðsstjórnarinnar má sparisjóðurinn ekki taka lán til annars en þess, að fullnægja skuldbindingum sínum gagavart innstæðueigendum. Aldrei má sparisjóðurinn taka lán, nema meiri hluti sparisjóðsstjórnar hafi ákveðið það. Nú lætur sparisjóðurinn skuldabréf eða verðbréf að handveði fyrir slíkum lánunum og skal þess þá gætt, að jafnan séu í vörzlum sparisjóðsins fullgild skilríki frá lánveitanda fyrir geymslu veðsins. Skulu bækur sparisjóðsins einnig ávallt bera með sér, hvar bréfin séu geymd og hver þau séu.

26. gr.

Sparisjóðurinn má ekki eiga aðrar fasteignir en þær, sem nauðsynlegar eru vegna rekstrar hans og ekki hlutabréf. Þó má hann yfirtaka fasteign eða hlutabréf, sem honum hefur verið veðsett, til þess að innheimta kröfu sína, en selja skal hann eignina strax og hann á þann hátt getur fengið kröfu sína greidda.

74 Sparisjóðurinn má ekki ganga í ábyrgð fyrir aðra, Heldur ekki má hann gefa út 1. apríl bandhafaávisun á sjálfan sig.

F. Um ágóða sjóðsins og varasjóð.

27. gr.

Sparisjóðinn skal, til þess að tryggj sé, að hann geti hvenær sem er fullnægt skyldum sínum um greiðslu á innlánsfé, eiga í sjóði, innstæðu í banka, sem ríkið ábyrgist og í tryggðum auðseljanlegum verðbréfum, minnst $\frac{1}{10}$ af innstæðufénu. Sjóður og bankainnstæða mega þó aldrei vera minni en 7% af innlánsfénu. Komi það fyrir að stjórn sparisjóðs neyðist til þess að gripa til þessa fjár vegna útborgana, er henni skylt, svo fljótt sem verða má, að koma því í samt lag aftur. Sé það ekki gert innan tveggja mánaða, skal sparisjóðsstjórnin tilkynna það sparisjóðseftirlitinu, sem í samráði við stjórnina ákveður, hvenær skuli í síðasta lagi vera búið að leiðrétta það. Sparisjóðseftirlitið skal á hverjum tíma ákveða hvaða verðbréf megi kaupa.

28. gr.

Sparisjóðurinn greiðir árlega 2% af nettóágóða sínum í sameiginlegan sjóð, er nefnist tryggingarsjóður sparisjóða. Framlög sparisjóðsins, að viðbættum árlegum vöxtum, er séreign hans í sjóðnum og fellur gjaldskylda hans niður, þegar eign hans í tryggingarsjóði er orðin 3% af samanlögðu innstæðufé sparisjóðsins. Tilgangur tryggingarsjóðs er að tryggja innstæður í sparisjóðnum og greiðslur á þeim. Hætti sparisjóðurinn störfum, hefur hann rétt til að fá inneign sína í tryggingarsjóði greidda, og skal hún þá ganga til greiðslu á kröfum innstæðueigenda.

29. gr.

Árstekjur sparisjóðsins, að frádregnum kostnaði, vöxtum og öðrum slíkum útgjöldum, skal leggja í varasjóð. Heimilt er að verja nokkru af ársarðinum til endurborgunar á stofnfé og greiddu ábyrgðarfé, ef varasjóður nemur meir en 10% af sparisjóðsinnstæðum. Tjón, er sparisjóðurinn kann að bíða og ársarður hrekkur eigi fyrir, skal greiða úr varasjóði, en eigi má greiða annað þaðan, nema því aðeins, að varasjóður nemi að minnsta kosti 10% af sparisjóðsinnstæðum samanlögðum.

Þegar svo er komið hag varasjóðs, getur sparisjóðsstjórn ákveðið, að fengnu samþykki ráðuneytisins, að verja fé úr sjóðnum til almenningsþarfa í hreppnum.

30. gr.

Verði sparisjóðurinn fyrir svo miklu tjóni, að varasjóður hrökkvi ekki til, og stjórn hans og ábyrgðarmenn, eða aðrir þeir, er að sjóðnum standa, leggja eigi fram eða útvega sjóðnum á einhvern hátt fé það, er á vantar að varasjóður geti borið tjónið, skal stjórn sparisjóðsins tafarlaust skýra sparisjóðseftirlitinu frá því. Reynist tapið svo mikið, að nemi öllum varasjóði og þar að auki 25% af stofnfé eða ábyrgðarfé, heldur sparisjóðseftirlitið fund með sparisjóðsstjórninni og gerir nauðsynlegar ráðstafanir. Verði ákveðið að sjóðurinn hætti störfum, skal sú ráðstöfun auglýst í Lögbirtingablaði.

G. Um endurskoðun og úrskurð á reikningum.

31. gr.

Við sparisjóðinn skulu vera tveir endurskoðunarmenn, kosnir til eins árs af sýslumefnd V-Barðastrandarsýslu. Þeir skulu rannsaka allar bækur og reikninga

sparisjóðsins, eignarskjöl og peningaförða og gefa gætur að því, svo oft, sem þörf er á, að ekkert vanti á eigin sjóðsins. Þeir hafa jafnframt eftirlit með því, að rekstur sparisjóðsins sé jafnan í fullu samræmi við samþykktir hans og gildandi lagaákvæði um sparisjóði. Finni endurskoðunarmenn eitthvað athugavert við reikningsfærslu eða starfrækslu sparisjóðsins, annast þeir um að stjórn sparisjóðsins bæti tafarlaust úr því, sem ábótavant er. Taki stjórn sparisjóðsins athugasemdir endurskoðenda ekki til greina, eða tregðist við að bæta úr ágöllum, sem þeir telja vera á starfrækslu sjóðsins, skulu endurskoðunarmenn tafarlaust tilkynna það sparisjóðseftirlitinu.

Um endurskoðun á reikningum og bókum sparisjóðsins að öðru leyti, skal jafnan farið eftir þeim nánari reglum, sem ráðherra kann að setja, samkvæmt tilögum sparisjóðseftirlitsins.

H. Hvernig samþykktum sjóðsins getur orðið breytt svo að löglegt sé.

32. gr.

Breytingar á samþykktum þessum, aðrar en þær, sem að sjálfsögðu verða á hverjum tíma, vegna nýrra ákvæða frá Alþingi, eða annarra fyrirmæla sparisjóðseftirlitsins, má því aðeins gera að $\frac{2}{3}$ fundarmanna samþykki þær á lögmetum aðalfundi, enda hafi verið fram tekið í fundarboðinu, að breytingar á samþykktunum verði til meðferðar.

I. Ef sparisjóðurinn leggst niður.

33. gr.

Leggist sparisjóðurinn algerlega niður, skal varasjóður hans og allar eignir, að lokinni greiðslu á öllum skuldbindingum sjóðsins, ávaxtað í Landsbanka Íslands.

Taki sparisjóður til starfa í hreppnum að nýju áður en 10 — tíu — ár eru liðin frá því að þessi hættir störfum, skal sjóðseign þessa sparisjóðs, eins og hún þá kann að verða, afhendast þeim nýja sparisjóði til fullrar eignar. Verði aftur á móti enginn sparisjóður starfandi hér í hreppnum, að liðnu þessu 10 ára tímabili, skal sjóðurinn allur notaður til almenningsþarfa í hreppnum, eftir nánari ákvörðun eftirtalinnna manna: Hreppstjóra, hreppsnefndaroddvíta, formanns skólanefndar, síðustu stjórnenda sparisjóðsins, ef búsettir eru í hreppnum, sóknarprests, ef hann er skipaður og búsettur í hreppnum og sóknarnefndarformanna. Gengst hreppstjóri fyrir því, að kalla fyrr nefnda menn saman til fyrsta fundar, er svo kys sér formann. Falli störf fyrr greindra manna svo saman, að eigi fáiist út úr þessu a. m. k. sjö menn, skulu þeir, sem fyrir hendi eru, velja menn til viðbótar meðal hreppsþúa, svo að talan verði a. m. k. sjö.

34. gr.

Með samþykktum þessum, ef staðfestar verða, eru úr gildi felld lög þau, er samþykkt voru að Tungu í Örlýgshöfn hinn 3. marz 1919 og öll eldri ákvæði um stjórn og starf sparisjóðsins.

Samþykktir þessar staðfestast hér með.

Viðskiptamálaráðuneytið, 1. apríl 1943.

Björn Ólafsson.

Torfi Jóhannsson.